



Reykjavík

5.12.2022

BORGARRÁÐ 7. júlí 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Klapp, greiðslukerfi Strætó - MSS22070062

Óskað er upplýsinga um hvenær vænta má svars við fyrirspurnum Flokks fólksins um Klapp greiðslukerfið. Meðal fyrirspurna var hversu margar kvartanir hafa borist vegna hins nýja greiðslukerfi. Einnig er óskað eftir að brugðist verði við tillögu Flokks fólksins sem lögð var fram 3 mars sl. þar sem því var beint til stjórnar Strætó að samþykka að hægt verði að nota eldri greiðsluaðferðirnar áfram þar til reynsla er komin á nýtt greiðslukerfi Strætó. Ekki eiga allir tölvur eða snjall/farsíma og geta þar af leiðandi ekki notað Klapp og Mínar síður. Hér má nefna t.d. ákveðinn hóp fatlaðs fólks, eldra fólks og fólks af erlendum uppruna t.d. hælisleitendur sem ekki tala tungumálið, eru ekki með kennitölu og eiga ekki rétt á að sækja um rafræn auðkenni. Klapp 10 er ekki valkostur sem er sambærilegur öðrum kostum. Fulltrúa Flokks fólksins finnst það ekki tímabært að loka á möguleikann að nota pappírsmiða. Fólk af erlendu bergi brotið sem t.d. talar ekki tungumálið á erfitt með þessar breytingar. Margt fólk, t.d. hælisleitendur býr í Breiðholti og er Mjóddin skiptistöð fyrir marga. Þetta fólk á erfitt með að finna leið upp í Hesthál

Við breytingum á gjaldskrá Strætó var farið í ítarlegar kynningar í öllum sveitarfélögum sem standa að Strætó og farið yfir breytingar og hvernig gömul vara á sér einhverja hliðstæðu í nýjum vörum.

Fjöldmargar ábendingar hafa komið fram við innleiðingu greiðslukerfis Strætó, ekki hefur verið haldið utan um fjölda þeirra þar sem þær bárust eftir fjölmörgum leiðum Þessar ábendingar eru okkur mikilvægar til að bæta þjónustu okkar við viðskiptavini Strætó.

Ekki stendur til að taka upp aftur greiðslumáta úr eldra kerfinu. Ekki þarf að eiga tölvu og eða snjall/farsíma til að nota greiðslukerfið. Hægt er að kaupa 10 miða farmiðakort á endursölustöðvum sjá heimasíðu Strætó, koma upp á Hesthál (hægt að nota leiðarvísir, Google map) eða greiða með peningum í baukinn. Hægt er að fá aðstoð í Mjódd við kaup á Klapp vöru (Klapp kort, Klapp tíu). Eingöngu þarf að nota rafræn skilríki til að aukenna sig vegna afsláttar sem ákveðnir hópar eiga rétt á. Þau sem ekki hafa rafræn skilríki hafa verið aðstoðuð við að fá þann afslátt sem þau eiga rétt á.

Á næstunni verða nýir vöruflokkar kynntir til sögunnar svo sem greiðsluþak, snertilausar greiðslur o.fl.

sign

---

Jóhannes Rúnarsson



Framkvæmdastjóri Strætó